



Skólablað Sunnó

Október 2020

GLEÐILEGA HREKKJAVÖKU OG MUNUM EFTIR GLEÐINNI, VINÁTTUNNI OG FRELSINU!

MUNIÐ AÐ PVO HENDUR OG SPRITTA ☺

Nemendaráð

Eftir Ástrósu Eva og Elludís

Nemendaráð Sunnulækjarskóla er stór hópur nemenda á unglingastigi sem sér um allskonar viðburði og skemmtanir. Yfirumsjón með nemendaráðinu eru kennarar af unglingastigi. Tilgangur félagsins er að halda uppi öfluglu félagsstarfi í skólanum, efla félagslegan áhuga nemenda og standa vörð um hagsmuni og velferð allra nemenda skólans. Árshátíðin er hápunktur skólaársins og fer mikill tími í undirbúning og myndbandagerð. Helstu viðburðir yfir skólaárið meðal annars eru hrekkjvökuball, jólabingó, bío - og leikjakvöld og að spila tónlist í nesti á föstudögum. Nemendaráðið leggur mikinn metnað í alla viðburði og er stór hluti af unglingadeild Sunnulækjarskóla. Í nemendaráði Sunnulækjarskóla í vetur eru 19 krakkar. Í ár, eins og í fyrra, var ákveðið að hafa tvo formenn. Formenn eru Elín Þórdís og Rúnar Freyr úr 10. bekk. Varaformaður er Dýrleif Nanna úr 9. bekk. Ritari er Eva Katrín. Gjaldkeri og innkaupastjóri er Ástrós úr

10. bekk og til aðstoðar er Guðmundur úr 9. bekk. Meðstjórnendur eru: Arnbjörg Ýr og Þorgils Bjarki úr 8. bekk. Aþena Ugly, Egill Baltasar og Gísli Steinn úr 9. bekk. Arillús Smári, Bryndís, Eiður Helgi, Katrín, Lára Marheiður, Noel Elías, Ragna Bjarney og Telma Björg.

Nemendaráðið er sérlega öflugt í ár og hefur þegar hafist handa við undirbúning fyrsta viðburðarins, Halloween, sem vonandi verður haldinn síðustu vikuna í október.



Nemendaráð 2020-2021



Stjörnuspá

Umsjón: Hekla Dís, Stella og....

Steingeit-Settu þér markmið

Vatnsberi-Ekki

vera of blaut (taktu þessu eins og þú vilt).

Fiskar-Andaðu með nefinu.

Hrútur-Finndu þér gæru, það er útsala í Rúmfatalagernum.

Naut-Ekki fá

þér neflokk það fer þér ekki vel.

Tvíburi-Það er enginn annar eins og þú.

Krabbi-Farðu á ströndina.

Ljón-Er ekki kominn tími á klippingu?

Meyja-Haltu þér hreinni og fínni.

Vog-Þú verður að finna jafnvægið.

Sporðdreki-

Vertu *spooky* því það er hrekkjavaka.

Bogamaður-

Þraukaðu það eru að koma jól.

STJÖRNUMERKI STARFSFÓLKIS Í SUNNÓ

Gunný-hrútur
Kolla danska-naut
Unnur-vatnsberi
María ísl.-sporðdreki
Erna-bogamaður
Guðfinna-naut
Birgir-naut
Siggi-krabbi
Dröfn-krabbi
Reynir-tvíburi
Hekla-sporðdreki
Blaka-meyja
Helga M.-vatnsberi
Anna Þórný.-hrútur
Dagbjört-sporðdreki
Sigga stæ.-steingeit

STJÖRNUMERKI FRÁBÆRRA NEMENDA

Lára-fiskur
Vigdís-naut
Gummi-krabbi
Ragna-hrútur
Alexía-hrútur
Ástrós-hrútur
Sigrún-hrútur
Bergdís-ljón
Stella-vog

Hrekkjavökubúninga-hugmyndir

Umsjón: Ástrós Eva



Topp 6 lagalisti til að hlusta á í skólanum

Umsjón Guðmundur Steindórsson

1. Pumped up kicks



Höfundar og flytjendur: Foster the people
Gefið út: 2011


2. Lalala

Höfundur og flytjandi: Y2K, bbno\$
Gefið út: 2019




3. Ebola

Höfundur og flytjandi: Its Rucka
Gefið út: 2014



4. Don't worry be happy Oreo
Höfundur og flytjandi: Shotgun Willy
Gefið út: 2011



5. Frozen- Let it go
Flytjandi: Idina Menzel
Lagahöfundur: Kristen Anderson- Lopez, Robert Lopez
Gefið út: 2015




6. Starships

Lagahöfundur og flytjandi: Nicki Minaj
Gefið út: 2012



Tungumálavika í unglingadeild

Eftir: Stelli og Sigrúnu Emmu



Nemendur á unglingastigi í Sunnulæk tóku flest allir þátt í tungumálaviku verkefni þar sem þeir reyndu á sköpunargáfu sína og bjuggu til alls kyns verkefni t.d myndband, bækur og tónlist.

Það voru ekki allir sem voru að gera eins verkefni. Sumir voru að gera myndbönd, aðrir bjuggu til spil, og margt fleira fjölbreytt og fræðandi. Þetta var mjög gaman en það voru margir sem hefðu þurft lengri tíma og það væri gaman að sjá verkefnin ef það væri gefin meiri tími í þau því þá væru þau mögulega betri.



Starfsfólk í Sunnó þá og nú

Hver hefur ekki gaman að sjá
gamlar myndir af starfsfólki
skólans á unglingsárunum?



Góðir þættir á **NETFLIX**

Eftir Bergdís Hrönn

Friends

Það horfa allir á Friends og þeir sem gera það ekki.... horfðu á þá. Þeir eru skemmtilegir og góðir þættir sem allir þurfa að þekkja.



Brooklyn Nine-Nine

Brooklyn Nine-Nine eru rosalega spennandi og skemmtilegir þættir um löggur.

Glee

Glee eru mjög góðir og fyndnir þættir um krakka í menntaskóla sem eru í Glee club og eru alltaf að syngja.



The Big Bang Theory

The Big Bang Theory eru þættir um nörda sem kynnast konu sem flytur inn við hliðina á þeim. Hún vill verða leikkona en henni gengur smá illa.



The Good Place

The Good Place eru þættir um konu sem heitir Eleanor og hún deyr og fer til himna. Þegar hún er þarna finnur hún út að hún á ekkert að vera þarna.



When someone tells you how good they are doing with their life



Hrekkjavöku

orðasúpa

Umsjón: Elladís, Alexía og Ragna.

A B Z H Z U V D Ó E M E D A Y K W Q S C
 Y L Ú N R O N L S V T N Q S D G D K K W
 S Z G N E E U L A E I B Z T K E L D R Z
 G Y Q V I G K R E R H A U S K Ú P A Í E
 F Q H M N N Ú K G U P S Q F X G P P M B
 G T Y Ö U L G A U T F Y Y A N B Y F S M
 M U K A F I N U K R K I M K P R M D L Ú
 B Q L U F I J T R K O S Q D N A N G I M
 N R R L E V A M P Í R A A H P G B X M Í
 J I U B R E K S A R G N K D B N G Q W U
 M K E G G V I Y R T A F A Q W I X D B R
 H Q T T U U Q I X M W B L I J T L K G Z
 V D T Q S A O V M D E A B U R Y T Z X Q
 F Q V D D N R I X J V J R Q D E Y X N K
 U T Y F E J E D G X F A U F Q R O Q P G
 R S H N H V I K M J X N C E Z K B C M M
 N D I F Z H R Y N N N Q I Z S S Q R V S
 G K K U R M L G C A F O G X E M E I Q B
 S E Z U T Y K L B F R C E R D J P B I E

H V W B K T U V T Q K F G Z A K D Y O T

BEINAGRIND	BÚNINGUR
DRAUGUR	FRANKENSTEIN
GRASKER	HAUSKÚPA
HREKKUR	KÖNGULÓ
MÚMÍUR	NAMMI
NORN	SKREYTINGAR
SKRÍMSLI	BLAKA
VAMPÍRA	VARÚLFUR



Brandarar

Eftir: Guðmund og Mikael Freyr

- Epli á dag heldur læknum frá. Eða að minnsta kosti gerir það ef þú kastar því nógu fast.
- Hvernig drekkir þú ljósku? Þú setur spegill ofan í baðkerið.
- Af hverju taka hafnfirðingar með sér stiga úti búð?...af því verðið er svo hátt..



Skyndihjálp í kviku

Eftir: Vigdísi og Láru

Þann 13. okt síðastliðinn fengu nemendur Sunnulækjarskola kennslu í hjartahnoði og hvernig á að binda um opin sár. Sjúkraflutningamaður frá HSU að nafni Stefán Pétursson kom í skólann og kenndi þeim alla þá helstu hluti sem þarf að kunna í skyndihjálp. Hann spjallaði við þau um allt það sem þarf að vita og kunna til að geta gefið gott hjartahnoð, m.a. að vera eins nálægt manneskjunni og hægt er og að það skipti ekki máli hvort að nokkur rifbein brotni því það er venjulegt. Þeim fannst mjög gaman og gagnlegt að læra meira um skyndihjálp, en vona að þau þurfi ekki að nota það sem þau lærðu.



Hvað ertu gamall?

-61 að verða 62

Hvað ertu búinn að vinna lengi í Sunnulækjarskola?

-Síðan hann var stofnaður árið 2004.

Hvað líkar þér best við að vinna hérna?

Að fylgjast með því sem nemendurnir eru að gera

Hvað er verst við að vinna hérna?

-Pegar það koma upp ágreiningsmál.

Eru einhverjir nemendur sem þú manst sérstaklega eftir, ef svo er hverjir og hvers vegna?

Það eru alltaf einhverjir nemendur sem maður man sérstaklega eftir, og margir halda að það séu óþægu nemendurnir sem þurfa alltaf að tala við skólastjórnann, en það er ekki þannig hjá okkur allavegnana, ég hef ekki oft þurft að skamma nemendur. En skólinn er orðinn svo stór og þá er svo mikið að gera hjá mér í allskonar pappírsvinnu og þá verður erfiðara að muna nöfn.

Hvað var uppáhalds námsgreinin þín þegar þú varst í skóla

Stærðfræði

Hvað vannstu við áður en þú varst skólastjóri?

Ég var kennari

Hvað kenndirú áður en þú varst skólastjóri?

Ég var kennari í 18 ár og kenndi stærðfræði, eðlisfræði, náttúrufræði og smíði

Býrðu á Selfossi?

Nei ég bý á Eyrarbakka

Hvað er uppáhalds lagið þitt?

Það bera sig allir vel með Helga Björns.

Innlit til Birgis skólastjóra

Eftir: Vigdís og Láru



VIÐTÖL

EFTIR ELLUDÍS



Siggi sæti

Nafn: Sigurður Reynir Einarsson

Aldur: 39 ára

Hvað kenniru í skólanum? Íþróttir í Sunnulæk

Hver er mesta ljóska í

íþróttateyminu? Eygló

Hvað er það besta við matinn í

skólanum? Að um, já ég hef mjög lítið

fallett að segja um matinn í skólanum

í hvað stjörnumerki ertu? Ég er krabbi

Hvað gera krabbar? Mjög lítið

Geturðu gert krabba hendur? Já hann

getur sannarlega gert það. Spurðu hann

endilega hvort hann getu það næst

þegar þú ferð í íþróttir

Hver er skemmtilegast

samstarfsfélagi? Ég myndi segja að

það væri Reynir

Hver er uppáhalds nemandinn þinn á

elsta stigi? Ég myndi segja að það væri

Ragna

Ef þú myndir vinna 10 milljónir í lottó.

Hvað myndirðu gera við peninginn?

Ætli ég myndi ekki fara í heimsreisnu.

Bara njóta lífsins

Hver er besti körfubolta

leikmaðurinn? Ég myndi segja LeBron

James

Heldurðu með Lakers? Já

Hvernig fannst þér að þeir hafi unnu

“championship”? Mér finnst það

geðveikt

Ertu byrjaður að hlusta á jólalög? Já

Eru jólabarn eða Grinch? Jólabarn

Eru jólin uppáhalds hátíðin þín? Já



Noël Elías

Nafn: Noël Elías Chareyre

Aldur: 15 ára

Bekkur: 10 EJ

Er Erna besti kennarinn og
afhverju? Já, að því hún er
skemmtileg

Afhverju ert þú ekki
formaður nemendaráðsins?

Ekki spurja mig

Hver er mesta ljóska í
vinnaþópnum? Hvað er ljóska

Hvað er það
vandræðalegasta sem hefur
gest við þig? Þetta viðtal.

Þetta er mjög skrítíð

Hvað er það besta við að
eiga yngri bróðir í

skólanum? Ekki neitt.

Hvað er það besta við matinn

í skólanum? Ég er ekki í mat

Ertu byrjaður að hlusta á

jólalög? Nei

Ertu jólabarn eða Grinch?

Jóla

Afhverju ertu þá ekki
byrjaður að hlusta á jólalög?


Ekki spurja mig

Hvað er uppáhalds hátíðin
þín? Jól

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Vatnsberi

Hver er sætasti kennari eða
stuðningsfulltrúinn? Ha ég
veit það ekki



BLAKA

Nafn: Ingibjörg Blaka Hregviðsdóttir

Aldur: 35 ára

Starf: Kenni stærðfræði, sumbaval og er umsjónakennari 10. IBH

Hvað er það besta við sumba: Allt

Hver er mesta ljóskan í stærðfræði teyminu?

Enginn, það er enginn ljóska í stærðfræði teyminu
Hvernig heldurðu að nemendur tali um þig?

Vona það besta en býst við því vesta. Vona að þeir tali vel um mig en ég er örugglega alveg bitchy hjá einhverjum.

Hvað myndirðu vilja breyta við skólan?

Matnum

Vildirðu verða stærðfræði kennari? Það gerðist óvart, vinkona mín sóti um fyrir mig sem stærðfræðikennari eftir að ég kláraðu viðskiptafræðinga

Er það rétt að þú varst að svindla á okkur og varst að vinna annarstaðar sem kennari áður en þú komst hingað? Já í sveitinni í Flóaskóla

Ertu byrjuð að hlusta á jólalög? Nei en til neydd af dóttur minni

Ertu Jólabarn eða Grinch? Jólabarn

Hvað er skreytasta húsið á Selfossi? Allur miðbærinn



EVA KATRÍN

Nafn: Eva Katrín Danielsdóttir Cassidy

Aldur: 14 ára

Bekkur: 9 MM

Afhverju ertu í gífsi: Því ég var á æfingu og ég lenti eitthvað skringilega á hendinni og braut miðhandabeinið.

Hvað æfir þú: Fimleika

Hver er líklegastur til að eyða öllum peningnum sínum í

Vegas í árgangnum: Aþena

Ugla

Hver er uppáhalds kennarinn þinn? Kolla dönsku kennari.

Hver er sætasti kennarinn? Er einhver karla kennari í slólanum
Ertu byrjuð að hlusta á jólalög: Já

Hvort ertu jólabarn eða Grinch: jólabarn

Í hvaða stjörnu merki ertu?

Ljón

Áttu þá afmæli í júní eða júlí?

Ágúst

Hvað finnst þér um matinn í skólanum? Hann er stundum góður og stundum ekki, ég borða hann samt eiginlega aldrei

Hvað spritar þú þig oft á dag?

SVona einu sinni en ég get líka bara spritað eina hendi og tvo putta.



GARÐAR FREYR

Nafn: Garðar Freyr Bergson

Aldur: 12 ára

Bekkur: 8 KG

Uppáhalds kennari eða stuðningsfulltrúi: Mamma eða Hrefna

Sætasti kennarinn: Enginn

Hvernig finnst þér maturinn:

Ógeðslegur

Hvað er það besta við sund (skólasund): Frænka mín er að kenna eða Sigurlín

Vinnur öll fjölskyldan þín

hérna: Já, amma vann hérna í fyrra og eitthvað

Hver er mesta ljóskan í árgangnum: Biiibbbb

Ætlarðu að mæta á árshátíðina: Já

Hvað finnst þér um Einarana

í 10 bekk: Þeir eru

skemmtilegir

Eitt orð til að lýsa

Alexsander í 10.bekk: Góður í fótbolta



Skólablað Sunnó

Norðurhólar 1
800 Selfoss

Sunnulaekjarskoli.is



Blaðamenn í október: Alexía Björk, Aron Leví, Ástrós Eva, Bergdís Hrönn, Elín Þórdís, Daði Snær, Vigdís Jóna, Guðmundur S, Hekla Dís, Lára Marheiður, Mikael Freyr, Ragna Bjarney, Sigrún Emma, Stella María og Telma Björg.

Ábyrgðarmenn: Helga Mjöll Stefánsdóttir og Dröfn Jónsdóttir